

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10 1  
01 Reykjavík

06.10.2023

**Umsögn UN Women á Íslandi um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar), þskj. 113, mál nr. 113**

UN Women á Íslandi er ein tólf landsnefnda UN Women Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna. UN Women á Íslandi styðja markmið frumvarpsins um afnám þjónustusviptingar. Þá harmar UN Women á Íslandi að ekki skuli hafa verið tekið tillit til ítrekaðra varnaðarorða varðandi afleiðingar nýrra lagaákvæða. Mikill vafi leikur á að framkvæmdin standist þær mannréttindaskuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist, þá einkum og sér þeim alþjóðasáttmálum er lúta að réttindum kvenna og stúlkna. UN Women á Íslandi vill koma eftirfarandi athugasemd á framfæri

I.

Það er staðreynd að staða kvenna á flótta er sérstaklega viðkvæm þar sem þær standa frammi fyrir fjölpættri mismunun, svo sem hættunni á kynbundinni mismunun og kynferðislegu ofbeldi. Sérstaða Íslands ætti að vera sú að byggja flóttamannastefnu sína á jafnrétti þar sem tekið er mið af veruleika kvenna á flótta, barna og annarra minnihlutahópa, líkt og utanríkisstefna Íslands gerir. Jafnréttissjónarmið verða að vera leiðarljós í öllum lögum um útlendinga og allri móttöku flóttafólks íslenskra stjórnvalda. Ísland hefur tekið á móti kvótaflóttafólki með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi, en það sama er ekki upp á teningnum varðandi afgreiðslu umsókna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Um heim allan er ofbeldi gegn konum, limlesting á kynfærum stúlkna og þvinguð barnahjónabönd enn lögleg. Mikilvægt er að hafa raunveruleika kvenna í huga við mat á umsóknum umsækjenda um alþjóðlega vernd. UN Women á Íslandi ítrekar því nauðsyn þess að tekið sé mið af kyni og kyngervi í lögum um útlendinga á Íslandi og í móttöku fólks á flótta.

Virðingarfyllst,  
f.h. UN Women á Íslandi



Stella Samúelsdóttir,  
framkvæmdastýra